

Fundargerð 458

Föstudaginn 16. febrúar 2018 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson (IG) stjórnarformaður, Einar E. Einarsson (EEE), Eiríkur Blöndal (EB) (varamaður), Ingunn Guðmundsdóttir (IGu), Karl Björnsson (KB), Oddný María Gunnarsdóttir (OMG) (varamaður). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 7-14), Pétur Grétarsson (PG) lánasérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 5), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 1-3) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gunnar Þorgeirsson, Rakel Óskarsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir boðuðu forföll. Varamaður Gunnars hafði ekki tæk á að mæta.

Formaður setti fund kl. 10:12 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar til staðfestingar
2. Starfs- og rekstraráætlun 2018 – staða rekstrar og verkefna
3. Aflamark Byggðastofnunar. Tillaga um úthlutun fiskveiðiárið 2017/18 og tillaga til úthlutunar til næstu 6 ára
4. Útlán ársins 2017 til kynningar
5. Fundargerðir lánanefndar til kynningar
6. Greiðsluferfiðleikar í ferðaþjónustu - greining
7. Breytingar á reglun um störf stjórnar til afgreiðslu
8. Skýrsla regluvarðar til afgreiðslu
9. Upplýsingar um orkukostnað heimila á ársgrundvelli m.v. 1. sept. 2017 til upplýsinga
10. Úthlutun rannsóknastyrkja til meistaranema til afgreiðslu
11. Nýbygging fyrir Byggðastofnun, upplýsingar um stöðu mála
12. Fyrirhuguð breyting á lögum um byggðaáætlun til kynningar
13. Önnur mál
14. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar til staðfestingar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 457 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Starfs- og rekstraráætlun 2018 – staða rekstrar og verkefna

AÞ fór yfir stöðu verkefna á starfsáætlun 2018. Ræddi hann m.a. um verkefnið Brothættar byggðir og áhugaverða fréttaskýringu Kveiks um Raufarhöfn. Upphafsfundur var á Borgarfirði eystra um helgina, íbúafundur verður á Þingeyri 9.-10. mars nk. Þá var haldinn íbúafundur á Kirkjubæjarklaustri í vikunni en mikil breyting hefur orðið þar sökum mikillar aukningar ferðamanna. Kynning verður á skýrslu um atvinnutekjur sem kom út í vikunni á næsta fundi stjórnar. Þá hefur Eyrarrósarlistinn verið birtur.

3. Aflamark Byggðastofnunar. Tillaga um úthlutun fiskveiðiárið 2017/18 og tillaga til úthlutunar til næstu 6 ára

Fyrir fundinum lágu minnisblöð SÁ og AÞ með tillögum til að ganga til samninga við þrjár útgerðir vegna 100 tonna á yfirstandandi fiskveiðiári og tillögur um úthlutun til staða næstu 6 ár.

Umsóknir um aflamark

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 19. janúar sl. var samþykkt að auglýsa 100 þorskígildistonn af Aflamarki Byggðastofnunar, á hvern stað, vegna Bakkafjarðar, Drangsness og Hríseyjar vegna fiskveiðiársins 2017/2018. Umsóknarfrestur rann út þann 8. febrúar og bárust fjórar umsóknir.

Drangsnes: Ein umsókn barst vegna Drangsness frá Fiskvinnslunni Drangi og samstarfsaðilum, en þeir eru Útgerðarfélagið Skúli ehf. og ST-2 ehf. Umsækjendur eru með samning við Byggðastofnun um 150 þorskígildistonna aflamark á Drangsnesi. Sótt er um 100 þorskígildistonn.

Hrísey: Ein umsókn barst vegna Hríseyjar frá K&G ehf. Umsækjandi er með samning við Byggðastofnun um 250 þorskígildistonna aflamark í Hrísey. Sótt er um 100 þorskígildistonn.

Bakkafjörður: Tvær umsóknir bárust. Annars vegar frá Halldóri fiskvinnslu ehf. og samstarfsaðila hennar, Þolli ehf. Hins vegar barst umsókn frá Toppfiski ehf. og samstarfsaðilum, en þeir eru: Marinó Jónsson ehf., Hróðgeir hvíti ehf. og Fljótir flutningar ehf. Umsækjendur eru aðilar að sameiginlegum samningi við Byggðastofnun um 150 þorskígildistonna aflamark á Bakkafirði. Báðir aðilar sækja um 100 þorskígildistonn.

Tillögur til stjórnar:

- a) Drangsnes. Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Fiskvinnsluna Drang og samstarfsaðila um 100 þorskígildistonn af Aflamarki Byggðastofnunar vegna fiskveiðiársins 2017/2018.
- b) Hrísey. Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við K & G ehf. um 100 þorskígildistonn af Aflamarki Byggðastofnunar vegna fiskveiðiársins 2017/2018.
- c) Bakkafjörður. Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Halldór fiskvinnslu ehf. og samstarfsaðila annars vegar og Toppfisk ehf. og samstarfsaðila um 100 þorskígildistonn af Aflamarki Byggðastofnunar vegna fiskveiðiársins 2017/2018.

Formaður bar upp tillögurnar og voru þær samþykktar samhljóða.

Aflamark til 6 ára

Tíu samningar um Aflamark Byggðastofnunar renna út í lok yfirstandandi fiskveiðiárs þ.e. 31. ágúst 2018. Heimild er í 10.gr. laga um stjórn fiskveiða nr.116/2006 að gera samninga um nýtingu á Aflamarki Byggðastofnunar til allt að sex ára.

Þeir samningar sem renna út í haust eru:

- Tálknafjörður - 400 þorskígildistonn
- Þingeyri - 500 þorskígildistonn
- Flateyri - 400 þorskígildistonn
- Suðureyri - 500 þorskígildistonn
- Drangsnes - 250 þorskígildistonn
- Grímsey - 400 þorskígildistonn
- Hrísey - 350 þorskígildistonn
- Raufarhöfn - 500 þorskígildistonn

- Bakkafjörður - 250 þorskígildistonn
- Djúpivogur - 800 þorskígildistonn

Að auki er samningur á Breiðdalsvík um 400 þorskígildistonn. Samtals eru því samningar í gildi um 4.750 þorskígildistonn.

Tillaga til stjórnar: Forstjóra verði falið að auglýsa óbreytt magn á þá tíu staði þar sem að samningar um Aflamark Byggðastofnunar renna út að afloknu yfirstandandi fiskveiðiári til næstu sex fiskveiðiára, frá fiskveiðiárinu 2018/2019 að telja. Það eru:

- Tálknafjörður í Tálknafjarðarhreppi - 400 þorskígildistonn
- Þingeyri í Ísafjarðarbæ - 500 þorskígildistonn
- Flateyri í Ísafjarðarbæ - 400 þorskígildistonn
- Suðureyri í Ísafjarðarbæ - 500 þorskígildistonn
- Dranganes í Kaldrananeshreppi - 250 þorskígildistonn
- Grímsey í Akureyrarbæ - 400 þorskígildistonn
- Hrísey í Akureyrarbæ - 350 þorskígildistonn
- Raufarhöfn í Norðurþingi - 500 þorskígildistonn
- Bakkafjörður í Langanesbyggð - 250 þorskígildistonn
- Djúpivogur í Djúpavogshreppi - 800 þorskígildistonn

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

Gert er ráð fyrir að fá formann starfshóps um framtíðarskipan byggðakvóta, Þórodd Bjarnason til að kynna tillögu starfshópsins á næsta fundi stjórnar.

SÁ upplýsti um að hann og forstjóri hefðu rætt við starfsfólk hjá ANR um hvort fyrir lægi að breyta aflamarki Byggðastofnunar en það mun ekki vera á dagskrá.

SÁ vék af fundi.

4. Útlán 2017 til kynningar

AÐ fór yfir skýrslu um útlán ársins 2017 sem forstöðumaður fyrirtækjasviðs hafði útbúið og lá fyrir fundinum. Heildarupphæð lánsumsókna 2017, þ.e.a.s. lánsbeiðna eingöngu án skilmálabreytinga, skuldskeytinga, veðbandslausna, breytinga á lánsloforðum o.s.frv., var um 6,3 milljarðar samanborið við 4 milljarða 2016 og 4,4 milljarða 2015. Samþykktar voru 114 umsóknir en 41 var synjað. Aldrei áður í sögu Byggðastofnunar hafa heildarlánsbeiðnir verið hærri eða fleiri. Flestar umsóknir bárust frá aðilum í landbúnaði eða um 40% allra umsókna með tilliti til fjölda (um 46% með tilliti til upphæða). Árið á undan hafði ferðaþjónusta verið atkvæðamest með um 33% umsókna.

5. Fundargerðir lánanefndar til kynningar

PG kom inn á fundinn undir þessum lið.

AÐ fór yfir fundargerðir lánanefndar nr. 4/18, 5/18, 6/18 og 7/18 sem lágu fyrir fundinum.

...

...

...

...

PG vék af fundi.

6. Greiðsluferfiðleikar í ferðaþjónustu

Við ársfjórðungslega yfirferð lánasafns stofnunarinnar á stjórnarfundum þann 19. janúar sl. var sérstök athygli vakin á greiðsluferfiðleikum í ferðaþjónustu. Af þeim rétt tæplega 3,3 ma.kr. af útistandandi lánum stofnunarinnar í þessa atvinnugrein var rétt liðlega þriðjungur í greiðsluferfiðleikum á síðasta ári, þ.e.a.s. tæplega 700 mkr. var skilmálabreytt til viðbótar við um 300 mkr. sem voru í vanskilum um áramót. Einn af hverjum þremur aðilum í ferðaþjónustu gat því ekki greitt af lánum sínum á síðasta ári í samræmi við upphaflega skilmála þeirra. Fyrir fundinum lá minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs þar sem helstu ástæður voru tilgreindar.

Eftir umræður lagði formaður fram eftirfarandi bókun:

„Við ársfjórðungslega yfirferð lánasafns stofnunarinnar á stjórnarfundum þann 19.01.2018 var sérstök athygli vakin á því að nokkuð hefur borið á greiðsluferfiðleikum aðila í ferðaþjónustu. Stjórn Byggðastofnunar hefur nú farið yfir greiningu forstöðumanns fyrirtækjasviðs á greiðsluferfiðleikum skuldara Byggðastofnunar á sviði ferðaþjónustu, en margir þættir eru sameiginlegir með þessum málum. Þar má helst nefna að:

1. *Kostnaður við framkvæmdir er iðulega vanáætlaður.*
2. *Tími framkvæmda einnig vanáætlaður sem leiðir af sér að tekjur berast seinna.*
3. *Tekjum, sem samkvæmt áætlunum ætlaðar voru til greiðslu fjármagnskostnaðar, er ráðstafað í framkvæmdir.*
4. *Ferðaþjónustuaðilar í viðskiptum við Byggðastofnun eru á „kaldari svæðum“ landsins þar sem dreifing og fjöldi ferðamanna er minni.*
5. *Ofuráhersla er á uppbyggingu fyrir fáa sumarmánuði án þess að viðkomandi fjárfesting skili fullnægjandi tekjum yfir aðra mánuði.*

Stjórn leggur áherslu á að lánanefnd hugi sérstaklega að þessum þáttum við greiningu sína á lánsbeiðnum í ferðaþjónustu og leggur áherslu á mikilvægi traustra áætlana og veðtrygginga auk nægilegs eigin fjár í framkvæmdum til að mæta þeirri óvissu sem þeim fylgja.“

Formaður bar bókunina upp og var hún samþykkt samhljóða.

Formaður frestaði fundi kl. 12:01 og var gert matarhlé. Var fundi síðan framhaldið kl 12:25

7. Breytingar á reglum um störf stjórnar til afgreiðslu

HÁ kom á fundinn undir þessum lið. Þetta mál var áður á dagskrá á síðasta fundi stjórnar. Fyrir fundinum lá minnisblað HÁ en við Innri endurskoðun Byggðastofnunar sem framkvæmd var í október 2017 voru gerðar nokkrar athugasemdir við gildandi starfsreglur stjórnar Byggðastofnunar, dags. 11. maí 2016, með hliðsjón af Leiðbeinandi tilmælum FME um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja nr. 1/2016 og góðum stjórnarháttum. Nánari rökstuðning fyrir breytingum er að finna í minnisblaðinu.

IGu lagði til að bætt yrði við heimild til að halda fjarfundum í 1. grein. HÁ lagði til að við 11. grein yrði bætt við að stjórnarfolk skuli snúa sér til forstjóra óski það eftir upplýsingum um einstök mál. IG lagði til að setning um að stjórnarformaður kæmi einnig fram fyrir hönd stjórnar stofnunarinnar yrði færð úr 12. grein í 2. grein.

Formaður bar upp reglurnar með þeim breytingartillögum sem komu fram og voru þær samþykktar samhljóða.

8. Skýrsla regluvarðar til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá skýrsla regluvarðar vegna ársins 2017 og fór HÁ yfir hana. Kynnti hann þau mál og reglubreytingar sem upp hafa komið á síðasta ári.

Lagt var fram erindisbréf regluvarðar vegna ársins 2018, Hjalti Árnason verður regluvörður og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir til vara.

Formaður bar upp skýrslu og erindisbréf regluvarðar vegna 2018 og var það samþykkt samhljóða.

9. Upplýsingar um orkukostnað heimila á ársgrundvelli m.v. 1. sept. 2017 til upplýsinga

AP kynnti samantekt um orkukostnað heimila á ársgrundvelli sem stofnunin tekur reglulega saman.

EEE lagði til að stjórn vekti athygli á niðurstöðum skýrslunnar.

Formaður bar upp eftirfarandi bókun:

„Kynnt var ný samantekt þróunarsviðs um orkukostnað heimila á ársgrundvelli. Orkustofnun var fengin til að reikna út kostnað við raforkunotkun og húshitun, á sömu fasteigninni á nokkrum þéttbýlisstöðum og nokkrum stöðum í dreifbýli, á ársgrundvelli frá árinu 2013. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350m³. Við útreikninga þessa er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekið saman annarsvegar og hitunarkostnaður hinsvegar. Gjöldin eru reiknuð út samkvæmt gjaldskrá þann 1. september 2017. Báðir þessir liðir vega þungt í rekstrarkostnaði heimila, hvort sem þau eru í þéttbýli eða dreifbýli. Úttektin leiðir í ljós að kostnaður milli landsvæða mjög mismunandi. Á heildina litið er hann í öllum tilfellum meiri í dreifbýli en þéttbýli. Stjórn Byggðastofnunar minnir á að jöfnun lífskjara er grunnþáttur í byggðastefnu stjórnvalda og því mikilvægt að horfa til aðgerða sem væru til þess fallnar að draga úr þessum mun.“

Samþykkt samhljóða.

10. Úthlutun rannsóknarstyrkja til meistaránema

AP kynnti tillögu stjórnar Byggðarannsóknasjóðs um rannsóknarstyrki til meistaránema og lá hún fyrir fundinum auk kynningar á þeim umsóknum sem lagt var til að yrðu styrktar.

Auglýsing um styrkina birtist í október og voru upplýsingar sendar til íslensku háskólanna og þess óskað að þeim væri komið á framfæri við meistaránemendur. Umsóknafrestur rann út 7. nóvember 2017. Alls bárust sex umsóknir. Að loknum umsóknarfresti fengu stjórnarmenn Byggðarannsóknasjóðs sendar allar umsóknir.

Niðurstaða stjórnar Byggðarannsóknasjóðs er að leggja eftirfarandi til við stjórn Byggðastofnunar:

1. sæti: Putting the Eggs in Different Baskets: Investigating Potential Additional Applications of Icelandic Lumpfish Roe, John Hollis Burrows, Háskólasetur Vestfjarða.

Styrkupp hæð kr. 400.000

2. sæti: Icelandic Education System from the Perspective of Syrian Refugee Students and Parents, Kheirie El Hariri, Háskólinn á Akureyri.

Styrkupp hæð kr. 350.000

3. sæti: Innleiðing náttúrutengdrar endurhæfingar í starfsendurhæfingu, Harpa Lind Kristjánsdóttir, Háskólinn á Akureyri.

Styrkupp hæð kr. 250.000

Aðrar umsóknir hljóti ekki styrk.

Formaður bar upp tillögur stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs og voru þær samþykktar samhljóða.

Gert er ráð fyrir að niðurstöður rannsóknanna verði kynntar stjórn Byggðastofnunar þegar þær liggi fyrir.

11. Nýbygging fyrir Byggðastofnun upplýsingar um stöðu mála

AÐ kynnti stöðu málsins. Skil arkitekta hafa dregist en vona þeir þó til að skila af sér í lok febrúar.

12. Fyrirhuguð breyting á lögum um Byggðaáætlun

AÐ kynnti fyrirhugaðar breytingar á lögum um Byggðaáætlun. Tillögur að þessum breytingum lágu fyrir fundinum.

Að undanfögnu hefur Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið unnið að samþættingu þeirra málaflokka og stefna sem undir ráðuneytið heyra. Sú vinna er nú komin á það stig að búið er að semja frumvarp til laga með breytingum á þeim lögum sem fjalla um þá málaflokka (áætlanir) sem samþættingin nær til. Um er að ræða Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, Lög um samgönguáætlun, Lög um fjarskiptaáætlun og Sveitarstjórnarlög. Áformað er að leggja lagafrumvarpið fram og fá það samþykkt nú á vorþingi.

13. Önnur mál

...

Eyrarrósinn og ráðstefna um raforkumál

AÐ upplýsti um að Eyrarrósinn verði afhent 1. mars nk. á Neskaupsstað og ráðstefna um raforkumál verði haldin í Hofi á Akureyri 8. mars.

14. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 16. mars nk. á Siglufirði

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:12

Magnús Helgason, fundarritari

